

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 253/1997.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

Einari Friðriki Kristinssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Endurupptaka máls. Tolllagabrot. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1997 að genginni ákvörðun réttarins 14. maí sama árs um endurupptöku þess samkvæmt beiðni ákærða. Af hálfu ákærvalds er þess aðallega krafist, að héraðsdómur verði staðfestur um sakfellingu ákærða fyrir fullframið brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, en til vara, að hann verði dæmdur fyrir tilraun til brots gegn sama ákvæði, sbr. 125. gr. laganna.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að á árunum 1988 til 1992 flutti Daníel Ólafsson hf. til landsins alls 33 sendingar af frosnum forsteiktum kartöflum. Ákærði sat þá í stjórn félagsins og var framkvæmdastjóri þess. Félagið fékk vörusendingar þessar tollafgreiddar með framvísun aðflutningsskýrslna frá ákærða og greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þeim, en gjöldin námu alls 13.056.438 krónum. Af þeirri fjárhæð mun tollur hafa verið samtals að fjárhæð 1.323.665 krónur, virðisaukaskattur 2.251.981 króna, en jöfnunargjald 9.480.792 krónur.

Samkvæmt gögnum málsins gaf ákærði sig fram 24. mars 1992 hjá tollstjóranum í Reykjavík og lagði fram nýjar aðflutningsskýrslur vegna fyrrnefndra vörusendinga. Ákærði leitaði leiðréttingar á fyrri tollafgreiðslum með þessum skýrslum og óskaði eftir að greiða mismun á aðflutningsgjöldum samkvæmt þeim og upphaflegum skýrslum. Reyndist sá munur vera samtals 13.407.542 krónur auk vaxta,

að fjárhæð 8.952.902 krónur. Umræddan mismun á aðflutningsgjöldum mun hafa mátt rekja til tolls, hvað varðar 1.348.250 krónur, og virðisaukaskatts, að því er varðar 2.356.841 krónu, en afgangurinn mun hafa verið vegna jöfnunargjalds.

Við skýrslugjöf hjá tollyfirvöldum 12. maí 1992 greindi ákærði þannig frá atvikum málsins, að fyrrnefnt félag hefði flutt til landsins svokallaðar franskar kartöflur í um 20 ár. Árið 1988 hafi verið tekið upp jöfnunargjald á þennan vöruflokk, sem hafi verið 190% af tollverði, og hafi þá vörur félagsins ekki lengur reynst vera samkeppnisfærar á markaði hér. Í viðræðum, sem fylgdu í kjölfarið, hafi erlendur viðsemjandi félagsins boðist til að skipta vörureikningum, þannig, að tveir myndu berast fyrir hverri vörusendingu og þeir samanlagðir nema söluverði hennar. Þessu boði hafi verið tekið. Ákærði kvað félagið alltaf hafa greitt báða reikningana, en hann hafi hins vegar aðeins lagt annan þeirra fram við tollafgreiðslu einstakra vörusendinga. Hafi aðflutningsgjöld af vörusendingunum þannig orðið sem því svaraði lægri en rétt hefði verið.

Ákæra var gefin út í málinu 8. nóvember 1994. Ákærða var þar gefið að sök að hafa brotið gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga með því að hafa á framangreindan hátt svikið undan aðflutningsgjöld af umræddum vörusendingum, að fjárhæð 13.407.542 krónur. Fyrir héraðsdómi viðurkenndi ákærði þessi brot sín. Með hinum áfrýjaða dómi, sem var kveðinn upp 29. desember 1994, var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði, skilorðsbundið í tvö ár, svo og til að greiða sekt, að fjárhæð 400.000 krónur, og allan sakarkostnað.

Með dómi Hæstaréttar, sem gekk 19. desember 1996 í máli þrotabús S. Óskarssonar & Co. hf. gegn íslenska ríkinu, var felldur úr gildi úrskurður ríkistollanefndar 28. janúar 1994 um endurákvörðun á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings þess félags á frystum forsteiktum kartöflum á tímabilinu frá febrúar 1988 til sama mánaðar 1992. Var sú niðurstaða reist á því, að álagning sérstaks jöfnunargjalds af þessum vöruflokki, eins og því var breytt með reglugerð nr. 109/1988, fengi ekki „samrýmst þeim takmörkunum, sem heimild ráðherra voru settar, og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu, sem gæta varð“, svo sem sagði í dómnum. Í beiðni ákærða 26. mars 1997 um endurupptöku málsins, sem Hæstiréttur féllst á samkvæmt áðursögðu, var meðal annars vísað til

Þess, að með umræddum dómi hefði verið dæmd ólögmæt álagning sams konar jöfnunargjalds og hann hefði meðal annars verið sakfelldur fyrir að koma Daníel Ólafssyni hf. undan að greiða.

II.

Við úrlausn málsins verður lögð til grundvallar niðurstaða Hæstaréttar í fyrrnefndum dómi 19. desember 1996. Samkvæmt því skorti viðhlítandi lagastoð fyrir álagningu og innheimtu jöfnunargjalds á frystar forsteiktar kartöflur, sem Daníel Ólafsson hf. flutti inn á tímabilinu frá apríl 1988 til janúar 1992 og um ræðir í málinu. Af hálfu ákærvalds hafa ekki verið færð sérstök rök fyrir því, að líta megi svo á að fenginni þessari niðurstöðu, að heimilt hafi verið að innheimta jöfnunargjald af þessari vörutegund í samræmi við reglur, sem giltu í þeim efnum fyrir setningu reglugerðar nr. 109/1988. Samkvæmt því verður að meta sakargiftir á hendur ákærða í ljósi þess, að heimild hafi skort á umræddu tímabili til að innheimta hjá félaginu jöfnunargjöld af nefndum vörum. Gildir þetta bæði um jöfnunargjöld, sem ákærði kom félaginu undan að greiða með fyrrnefndri háttsemi sinni, og þau, sem það greiddi með öðrum aðflutningsgjöldum samkvæmt aðflutningsskýrslum.

Samkvæmt 2. mgr. 126. gr. tollalaga, svo sem ákvæðið hljóðaði, þegar atvik málsins gerðust, varðaði það refsingu að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar í því skyni að svikja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum. Eftir því, sem að framan segir, gat röng upplýsingagjöf ákærða í aðflutningsskýrslum Daníels Ólafssonar hf. engu breytt, að því er varðar jöfnunargjald, um fjárhæð þeirra aðflutningsgjalda, sem lögmætt var í raun að krefja félagið um vegna innflutnings þess á frystum forsteiktum kartöflum. Af sömu ástæðum verður háttsemi ákærða ekki heldur metin sem tilraun til brots, sbr. 1. mgr. 125. gr. tollalaga. Verður í því sambandi að líta til þess, að þótt ákærði hafi ásett sér að koma félaginu með rangri skýrslugjöf meðal annars undan greiðslu á hluta jöfnunargjalds, sem hann sjálfur taldi félaginu skylt að greiða á þeim tíma, bjó hann að þessu leyti við ranga hugmynd um refsinaemi háttsemi sinnar. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga eða fyrir tilraun til slíks brots, sbr. 1. mgr. 125. gr. laganna, vegna rangra upplýsinga, sem hann veitti í aðflutningsskýrslum, að því

leyti sem þær höfðu áhrif á álagningu jöfnunargjalds við innflutning á umræddum vörum.

III.

Í málinu er óumdeilt, að aðflutningsgjöld, sem Daníel Ólafsson hf. greiddi vegna innflutnings á frystum forsteiktum kartöflum á tímabilinu frá maí 1988 til janúar 1992, voru þrátt fyrir ranga upplýsingagjöf ákærða meiri en félaginu bar með réttu að greiða, þegar tekið er tillit til þess, að lagastoð skorti fyrir álagningu og innheimtu jöfnunargjalds.

Ákvæðum 1. mgr. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga var breytt með 38. gr. laga nr. 69/1996 eftir uppkvaðningu héraðsdóms í málinu. Ekki verður fallist á þann skilning ákærða, að sú lagabreyting feli í sér, að nú verði refsing því aðeins gerð fyrir að veita rangar upplýsingar til tollyfirvalda, að þær hafi orðið til þess, að greidd hafi verið of lág aðflutningsgjöld. Er þá haft í huga, að brot gegn hinum breyttu ákvæðum er sem fyrr fullframið með því að leggja fram röng tollskjöl, óháð því, hvernig fari um álagningu og greiðslu gjalda samkvæmt þeim, sbr. dóm Hæstaréttar 27. nóvember 1997 í máli nr. 326/1997. Umræddar breytingar á 1. mgr. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga eru því ekki þess efnis, að leitt geti til sýknu ákærða með vísan til 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Rangar upplýsingar ákærða í tollskýrslum fyrir Daníel Ólafsson hf., sem um ræðir í málinu, urðu ekki aðeins til þess, að yfirvöld lögðu lægra jöfnunargjald á félagið en orðið hefði með réttum upplýsingum um innkaupsverð vörusendinga til þess, heldur varð tollur og virðisaukaskattur vegna innflutningsins jafnframt af þessari ástæðu minni en rétt var um samtals 3.705.091 krónu. Með þessari háttsemi sveik ákærði af ásetningi þá fjárhæð undan aðflutningsgjöldum og braut þannig gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga, sbr. nú 1. mgr. og 2. mgr. sömu greinar, svo sem henni var breytt með áður nefndri 38. gr. laga nr. 69/1996, en þau ákvæði eiga nú við samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða voru drýgð á löngum tíma við innflutning á alls 33 vörusendingum. Þegar þess er gætt og fjárhæðarinnar, sem ákærði sveik undan í aðflutningsgjöldum með háttsemi sinni, er óhjá-

kvæmilegt að telja brot hans stórfelld. Við ákvörðun refsingar ákærða verður hins vegar að líta til þeirra atriða honum í hag, sem getið er í því sambandi í forsendum hins áfrýjaða dóms, þar á meðal, að hann gaf sig fram af sjálfsdáðum og bætti fyrir brot sín. Öðru fremur skiptir þó máli í þessu sambandi sá gífurlegi dráttur, sem varð á saksókn á hendur ákærða, auk ástæðulausra tafa, sem urðu á rekstri málsins, eftir að endurupptaka þess var ráðin. Að teknu tilliti til alls þessa og atvika málsins að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 26. maí 1997 hefur verið innheimt sekt samkvæmt hinum áfrýjaða dómi, að fjárhæð 400.000 krónur. Telst því sektin, sem nú er ákveðin, þegar greidd í ríkissjóð.

Í héraðsdómi var ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara til fangelsismálastofnunar 15. febrúar 1995 leiddi engan kostnað af málinu, en það stafaði meðal annars af því, að skipaður verjandi ákærða fyrir héraðsdómi afsalaði sér þóknun fyrir málsvörn. Er því ekki ástæða til að mæla nú sérstaklega fyrir um sakarkostnað í héraði. Með vísan til 2. mgr. 191. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Friðrik Kristinsson, greiði 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Telst ákærði þegar hafa tekið út þá refsingu.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1994.

Ár 1994, fimmtudag 29. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-815/1994: Ákærvaldið gegn Einari Friðriki Kristinssyni, sem dómtekið var í gær.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 8. nóvember 1994, á hendur „Einari Friðriki Kristinssyni, Markarflöt 12, Garðabæ, kennitala 210841-3349, fyrir tolllagabrot með því að hafa í sambandi við innflutning á frönskum

kartöflum hingað til lands frá Hollandi á tímabilinu frá maí 1988 til janúar 1992 á vegum Daníels Ólafssonar hf., Vatnagörðum 26–28, Reykjavík, en ákærði var þá stjórnarmaður í félaginu og framkvæmdastjóri þess, framvís- að við töllyfirvöld vörureikningum og aðflutningsskýrslum, sem sýndu ein- ungis hluta af verðmæti (innkaupsverði) vörunnar, í því skyni að svíkja undan verulegan hluta aðflutningsgjalda, og námu vangreidd gjöld af þess- um sökum samtals 13.407.542 kr. af eftirgreindum 33 vörusendingum, sem tollafgreiddar voru:

Mánuður og ár	Magn kart- afna, kg:	Verðmæti skv. fram- lögðum gögnum NLG:	Raunveru- legt verð- mæti, NLG:	Greidd að- flutnings- gjöld, kr.:	Vangreidd innflutnings- og aðflutn- ingsgjöld, kr.:
1. (5) Apríl/maí 1988	8.000	3.920	10.400,00	331.751	295.525
2. (6) Maí 1988	8.165	4.452	11.760,00	350.534	368.060
3. (7) Júlí 1988	7.787	4.272	11.281,44	348.947	345.190
4. (8) Ágúst 1988	8.157	4.476	11.820,00	350.934	356.247
5. (9) Sept. 1988	6.722	3.336	9.100,00	296.863	280.688
6. (10) Okt. 1988	8.157	4.476	11.820,00	364.740	368.126
7. (11) Des. 1988	8.592	4.701	12.417,60	382.743	395.101
8. (12) Jan. 1989	8.022	4.395	11.604,00	380.385	384.528
9. (13) Mars 1989	6.980	4.106	10.844,00	376.938	370.030
10. (14) Apríl 1989	8.615	4.682	12.368,00	412.564	422.979
11. (15) Apríl/maí 1989	7.005	3.818	10.083,68	359.489	344.814
12. (16) Maí/júní 1989	7.524	4.106	10.844,00	403.678	375.210
13. (17) Júlí 1989	7.676	4.225	11.154,40	279.646	274.609
14. (18) Ágúst 1989	7.767	4.321,20	11.412,00	290.165	292.816
15. (19) Sept. 1989	8.036	4.636,32	12.328,08	316.247	331.858
16. (20) Des. 1989	8.186	4.495,20	12.385,92	323.673	366.990
17. (21) Feb. 1990	8.283	4.389,12	11.887,20	454.356	476.159
18. (22) Apríl 1990	7.882	4.188	11.709,60	442.040	477.441
19. (23) Júní 1990	8.286	4.803,84	12.768,96	478.942	503.966
20. (24) Ágúst 1990	7.971	4.622,88	12.288,72	470.472	486.240
21. (25) Sept. 1990	7.362	4.850,40	12.787,92	487.000	507.358
22. (26) Nóv. 1990	7.829	4.308	11.380,80	461.465	453.545
23. (27) Jan. 1991	8.310	4.207	11.040,48	438.797	415.043
24. (28) Jan./feb. 1991	7.610	4.150,85	11.048,16	425.596	419.475
25. (29) Mars 1991	7.752	3.917,64	11.282,88	416.261	445.235
26. (30) Apríl/maí 1991	8.050	4.060,80	11.143,20	348.977	408.745
27. (31) Júní 1991	7.609	4.026,22	11.048,16	410.596	410.488
28. (32) Júlí 1991	8.056	4.960,80	13.296,00	460.888	480.832

29. (33) Ágúst 1991	7.435	4.565,76	12.246,00	422.835	446.754
30. (34) Okt. 1991	7.936	4.560,96	13.098,00	426.400	503.524
31. (35) Des. 1991	7.632	4.890,45	13.014,96	454.619	486.231
32. (36) Jan. 1991	7.479	4.830,98	12.860,64	426.697	455.541
33. (37) Jan. 1992	7.522	4.859,11	12.935,52	425.201	458.194
					<u>13.407.542</u>

Telst þetta varða við 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði hefur viðurkennt brot sín. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu hans, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákærunnar.

Með brotum sínum braut ákærði gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, eins og segir í ákæru.

Ákærði hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, sem hér skipta máli.

Brotastarfsemi ákærða var stórfelld, stóð í um fjögur ár og tekur til 33 tilvika, og nam fjárhæð vangoldinna tolla rúmum 13 milljónum króna.

Á hitt ber að líta, að ákærði kom sjálfur til tollyfirvalds 24. mars 1992 og lagði fram 33 aðflutningsskýrslur yfir sendingar þær, sem greinir í ákæru, og gekkst greiðlega við brotum sínum. Lagði hann fram öll gögn varðandi brotin ótilknúinn og hefur greitt 13.407.633 krónur í viðbótaraðflutningsgjöld og 8.953.107 krónur í dráttarvexti, samtals 22.360.107 krónur (?), og þannig staðið full skil á þeim gjöldum sem honum bar að greiða.

Ákærði gaf skýrslu um atvik hjá tollgæslunni 12. maí 1992, og lágu rannsóknargögn þá þegar fyrir, en ákæra var ekki gefin út fyrr en 8. nóvember sl. Þannig hefur orðið verulegur dráttur á meðferð málsins á rannsóknarstigi, sem líta verður til hér.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en með vísan til þess, sem að framan segir, að ákærði gaf sig fram af sjálfsdáðum, hefur greitt gjöld þau auk dráttarvaxta, sem undan voru svikin, sakaferils ákærða og þess, að málið dróst óhæfilega, eftir að hann hafði gengist við brotum sínum, þykir rétt, að refsivist ákærða verði skilorðsbundin að öllu leyti og falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærða verður hins vegar gert að greiða 400.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 50 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, en verj-

andi ákærða, Ólafur Garðarsson hrl., hefur afsalað sér þóknun fyrir máls-vörn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Friðrik Kristinsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 400.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
